

Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð skv. lögum nr. 73/1997
var samþykkt í sveitarstjórn þann 7. október 1998

SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPS

Byggingar- og skipulagsskilmálar fyrir sumarbústaðalóðir í landi Búrfells 1, Grímsneshreppi. Svæði 2

Svæðaskipulag: Sumarbústaðalóðir þessar eru í samræmi við staðfest svæðaskipulag Þingvalla-, Grafnings- og Grímsneshrepps.
Staðsetning: Sumarbústaðabyggð þessi er í landi Búrfells, Grímsneshreppi.
Landlýsing: Landið hallar til suðurs og er mólendt, en mýri syðst. Uppblástur er nokkur. Sumarhúsalóðirnar eru í um 100 m yfir sjávarmáli.
Aðkoma: Aðkoman að sumarbústaðabyggðinni er frá Búrfellsvegi. Vegir og bílastæði innan svæðisins eru sýnd á uppdrætti. Landeigendur munu kosta gerð vega innan svæðisins og viðhald þeirra.
Fjöldi lóða og stærð: Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 33 sumarbústaðalóðum að stærðinni frá 5.100 fm - 13.100 fm.
Kalt vatn: Kalt vatn er tekið frá Búrfelli. Leiðslur verða lagðar meðfram vegum. Mun vatnsveita verða á kostnað lóðahafa.
Brunavarnir: Þær eru frá Selfossi
Girðingar: Svæðið verður girt af með einni heildargirðingu. Girðing og viðhald hennar er á kostnað lóðahafa.
Rotþræer: Gert er ráð fyrir rotþró við hvern bústað, þó aldrei minna en 10 m innan lóðamarka. Stærð og staðsetning rotþróa er háð samþykki heilbrigðisfulltrúa Suðurlands. Kostnaður vegna rotþróa er í höndum lóðahafa.
Sorp: Nokkrir gámar eru nágrenninu t.d. við Minni-Borg, og skammt frá gatnamótum Biskupstungnabrautar og Þingvallavegar. Grímsneshreppur annast tæmingu þeirra.
Rafmagn og sími: Lóðahafar munu kosta tengingu raflagna og síma.
Staðsetning sumarhúsanna: Þau skulu vera innan byggingarreits og gerð í samráði við byggingarfulltrúa og byggingarnefnd Grímsneshrepps.
Byggingarreitir: Eru sýndir á uppdrætti. Aðeins er heimilt að byggja eitt sumarhús ásamt útihúsi innan hvers byggingarreits.
Byggingarefni: Sumarbústaðirnir skulu gerðir úr timbri.
Stærð sumarbústaða: Þeir skulu ekki vera stærri en 100 fm.
Mænishæð frá jörðu: Skal ekki vera meir en 5 m.
Þakhalli: Má vera á bilinu 14 - 60 gráður.
Útihús: Heimilt er að reisa geymslu, svefnhús eða gróðurhús, þó ekki stærri en 10-15 fm.
Húsnúmer: Eru sýnd á uppdrætti.
Byggingarreitir: Eru sýndir á uppdrætti. Aðeins er heimilt að reisa eitt hús ásamt útihúsi innan hvers byggingarreits.
Eignarhald á lóðum: Sumarbústaðalóðirnar geta verðir seldar til eignar eða leigðar út. Leigutími getur þá verið 25-50 ár.

BÚRFELL I, GRÍMSNESHREPPI — Svæði 2 — DAGS: Júní 1998

SUMARHÚSASKIPULAG — DEILISKIPULAGSTILLAGA — MKV: 1:2000

PÉTUR H. JÓNSSON SKIPULAGSFR. ARKITEKT F.A.Í.
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 28, 101 REYKJAVÍK
SÍMI: 562-4140 FAX: 562-6123